

Lagt fyrir fund velferðarráðs 5. júní. 2019

BORGARSTJÓRN 19. júní 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um félag skjólstæðinga velferðarsviðs - R18060133

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkur og tryggi fulltrúum þess áheyrnarsetu í velferðarráði.

Greinargerð:

Skjólstæðingar velferðarsviðs búa við mikið valdaleyfi og eiga erfitt með að hafa áhrif á þjónustu sviðsins. Þetta hefur leitt til verri þjónustu velferðarsviðs og óþarfa óþæginda fyrir þá borgarbúa sem þurfa á þjónustu og aðstoð þess að halda. Til að auka vald skjólstæðinga velferðarsviðs og tryggja að þarfir þeirra og væntingar móti uppbyggingu þjónustunnar í framtíðinni er lagt til að borgarstjórn stuðli að stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs og tryggi að þrír fulltrúar þess félags fái rétt til að sitja sem áheyrnarfulltrúar í velferðarráði.